# Bláskógabyggð - Laugarvatn - Deiliskipulagsbreyting - Skólatún - Traustatún - Hverabraut




*Deiliskipulag fyrir breytingu - mkv. 1:2000*




*Deiliskipulag eftir breytingu - mkv. 1:2000*

**GREINAGERÐ:**

**1.1 Almenn atriði**

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu á gildandi deiliskipulagi þéttbýlis Laugarvatns dags. 20. maí 2021 sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda nr.758/2021 þann 25. júní 2021. Deiliskipulagsbreyting þessi er í fullu samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.
Stór hluti svæðisins er enn óbyggður og ekki búið að úthluta lóðum, því er breytingin talin óveruleg og verður grenndarkynnt.

Breytingin er til komin annars vegar vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar frárennslis- og drenlagna við Skólatún og Traustatún og hinsvegar vegna nánari greiningar á hæðarsetningu í tengslum við veitu- og gatnahönnun við Hverabraut.

**1.2 Breytingar**

1. Lóðamörk milli Skólatúns 12-16 og 18-20 breytast. Þannig verður Skólatún 12-14 parhús, en Skólatún 16-20 verður raðhús.

2. Vegferill Traustatúns og Herutúns breytist á um 80 m kafla við Guststún. Við þetta hnikast lóðir við Traustatún 13, 11 og 9 um 5 m til suðausturs, en tilfærslan hefur ekki áhrif á lóðarstærðir. Einnig hnikast lóðir við Herutún 1, 3 og 5 lítillega til að koma til móts við breytingu á vegferli.

3. Lóðir við Herutún 2, Guststún 1, 2-4 og Fáfnistúns 1, stækka vegna aðlögunar að breyttum vegferli Traustatúns.

4. Svæði undir verslunar- og þjónustulóðir sunnan við sundlaug minnkar og færist fjær Traustatúni. Fremsta lóðin og torgrými minnkar. Götur styttast tilsvarandi.

5. Lóðanúmer breytast og fá lóðir nú nr. Hverabraut 4, 6, 8, 10, 12 og 14.

**1.3 Skipulagsskilmálar**

Ekki eru gerðar neinar breytingar á skilmálum gildandi deiliskipulags.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í sveitastjórn Bláskógabyggðar þann

6.1.2022

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Skipulagsfulltrúi

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann________________________



*Þéttbýlisuppdráttur Laugarvatns 2015 - 2027 - ekki í kvarða*

**SKÝRINGAR:**

- Lóðarmörk
- Lóðamörk víkjandi
- Umferðargata
- Götukantur, víkjandi
- Byggingarreitur hámark
- Núv. hús
- Opin svæði
- Bílastæði
- Gangbraut yfir umferðargötu
- Vatnsrás
- Gróður
- Hraðahindrun / þrenging
- Útivistarstígur / gönguleið
- Vistgata
- ÁR-409:004 Skráðar fornleifar
- 00 Húsnúmer
- Kvöð um fráveitulagnir
- Stígur / gangstétt

| E | 2000 |
|---|---|
| 2h | 0,35 |

Húsgerð / Stærð lóðar
Hæð húsa / Nýtingarhlutfall
E = einbýli
P = parhús
R = raðhús
F = fjölbýli
S = stofnanir

1. Dags. 19.05.2022 - bætt við kvöð um fráveitulagnir eftir mælingar á gröfnum skurðum við endurnýjun fráveitulagna við Skólatún.

| | | |
|---|---|---|
| HEITI VERKS: BLÁSKÓGABYGGÐ LAUGARVATN | | |
| HEITI TEIKNINGAR: DEILISKIPULAGSBREYTING SKÓLATÚN - TRAUSTATÚN - HVERABRAUT | | |
| VERKNR: 219-008 | MKV: 1:2000 | TEIKNING NR: |
| TEIKNAÐ AF: gko | HANNAÐ AF: oh/sg | DAGS. TEIKN: 14. des. 2021 |
| YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT: | | TEIKN. BREYTT: 19. maí 2022 |

LANDFORM
LANDSLAGSARKITEKTAR

Austurvegi 6 - 800 Selfoss
s: 482 4090
netf: landform@landform.is